



Kl. 23.00

Kvartett Hauks Gröndal leikur á Café Rosenberg í Lækjargötu. Sveitina skipa Haukur Gröndal á tenórsaxófón, Ásgeir Ásgeirsson á gítar, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Erik Qvick á trommur. Á efnisskránni eru djassslagarar frá 4. og 5. áratug síðustu aldar og sveiðlan verður sannarlega í fyrirrúmi.

menning

menning@frettabladid.is

Halaleikhópurinn frumsýnir

Halaleikhópurinn frumsýnir á morgun nýtt íslenskt leikrit, *Batnandi* mann eftir Ármann Guðmundsson. Markmið Halaleikhópsins er að „íðka leiklist fyrir alla“ en hópurinn hefur starfað frá árinu 1992 og sett upp fjölda sýninga. Leikhópurinn er samansettur af ólíkum einstaklingum, fötluðum sem ófötluðum, en þannig verður fjölbreytnin meiri og þar af leiðandi túlkunin. Þannig hefur hópurinn opnað augu almennings fyrir því að fatlað fólk getur leikið á sviði eins og allir aðrir, þrátt fyrir ýmsar hindranir. Þetta áhugaleikfélag hefur lyft grettistaki í að eyða fordomum og styrkja einstaklinga til að taka skref sem annars hefðu verið ófárin.



Verkið *Batnandi* máður fjallar á gráglettinn hátt um sjómanninn Sigmar sem fengið hefur nóg af sjómennsku og sér tækifæri þegar hann lendir í vinnuslysi til þess að láta úrskurða sig öryrkja og njóta þannig lífsins á kostnað skattborgaranna. Hann soggast brátt inn í heim sem var honum að öllu ókunnugur, eignast nýja vini og óvini, lendir í útistöðum við kerfið og verður svo sannarlega reynslunni ríkar. Verkið verður sýnt í Halanum í Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12.

BATNANDI MÖNNUM ER BEST AÐ LIFA Halaleikhópurinn frumsýnir nýtt íslenskt leikrit eftir Ármann Guðmundsson.

MYND/HALALEIKHÓPURINN



> Ekki missa af ...

Safnanótt á Vetrarhátíð
Lista- og menningarstofnanir Reykjavíkurborgar opna dyr sínar upp á gátt í dag og langt fram á kvöld. Þá gefst einstakt tækifæri til þess að kynna sér innviði og starfsemi safnanna, sem flest eru með liflega dagskrá í tilefni dagsins. Meðal þátttakenda eru **Þjóðminjasafnið, Listasafn Reykjavíkur, Sögusafnið, Gerðuberg, Árbæjarsafn** og **Sjóminjasafnið við Grandagarð.**



MEÐ Á NÓTUNUM

Árni Heimir Ingólfsson

Splunkunýr konsert slær í gegn

Hún er orðin býsna þreytt, gamla tuggan um að tónskáld nú til dags semji miklu verri tónlist heldur en „í gamla daga“. Því miður eru alltof margir þeirrar skoðunar að „núttímátónlist“ sé álíka spennandi og berklar eða fuglaflensa; þótt hún sé kannski ekki beinlínis hættuleg heilsu manna samanstandi hún varla af öðru en óskiljanlegu gauli eða poti út í bláinn og því beri að forðast hana eins og heitan eldinn.

Það hefur alltaf verið til fólk sem þorir ekki að taka áhættuna og hlusta á tónlist síns eigin samtíma með opnum og fordómalausum eyrum. Árið 1600 gaf ítalskur munkur og tónlistarspekúlant að nafni Artusi út ritið „Um ófullkomeilka núttímátónlistar“. Afstaða hans til ungu kynslóðarinnar í tónlist var afdráttarlaus eins og heitið gefur til kynna. Tónskáld eins og Claudio Monteverdi leyfðu sér allt of mikið frelsi í tónlist sinni með harkalegum og ómstríðum hljóðum sem særðu eyru háttvístra hlustenda. Artusi vildi miklu frekar hlusta á tónlist eftir Palestrina, sem hafði þá eytt sex árum í grófinni. Svipaða sögu er að segja um Vínarþá sem skrifaði um frumflutninginn á Fidelio-forleik Beethovens 1806. „Aldrei fyrr hefur verið samið tónverk sem er jafn samhengislaust, ruglingslegt og eyrna-meidandi“, sagði vesalings gagnrýnandinn, sem átti erfitt með að skilja hvað hafði eiginlega gerst í tónlistinni eftir að Mozart kvaddi heiminn 15 árum áður. Á vordögum 1913 trylltist fína fólk í París við frumflutninginn á Vorblóti Stravinskis, eins og frægt er orðið. Vorblót er eitt magnaðasta hljómsveitarverk allra tíma, en á tímabili heyrðist varla í tónlistinni fyrir hrópum og slagsmálum í salnum. Fólk átti ekki orð til að lýsa hneykslun sinni og var reiðubúið að berjast með kjafti og klóm gegn þessari sérkennilegu nýju tónlist sem átti meira skylt við hávaða.

Finnskt tónskáld í fremstu röð

Það þarf varla að taka það fram að Monteverdi, Beethoven og Stravinski eru löngu orðin hluti af hinni „klassísku“ tónlistarhefð. Nú til dags kys fólk frekar að heyrna tónlist þeirra í hundraðasta sinn í stað þess að taka áhættuna með glænýja tónsmíð. Okkur hættir til að gleyma því að ekki var heldur allt gott sem samið var í gamla daga. Allar vondu tónsmíðarnar hafa síast burt í tímas rás, og það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess að allt sem tónskáld dagsins í dag láta frá sér standist strax samanburð við útvalin meistaraverk sögunnar.

Þeim mun gleðilegra er þegar nýtt verk kemur fram á sjónarsviðið sem hefur að bera allt það sem prýða má góða tónlist: kröftugan rytma, fallegar línur, rökrétt samhengi, ósvikinn innblástur og virtuósitet af hæstu gráðu. Eitt slíkt verk er pianókonsertinn eftir finnska tónskáldið Esa-Pekka Salonen sem Fílharmoníuhljómsveitin í New York frumflutti við mikinn fögnuð fyrir hálfum mánuði ásamt ísraelska pianistanum Yefim Bronfman.

Salonen lærði tónsmíðar við Sibeliusar-akademíuna en sló rækilega í gegn þegar honum bauðst, 25 ára gömlum, að stjórna þriðju sínfóníu Mahlers í London með næstum engum fyrirvara. Nú hefur hann verið aðalstjórnandi Fílharmoníunnar í Los Angeles í 15 ár og hefur komið hljómsveitinni í fremstu röð á heimsvísu. Salonen kveðst enn líta á sig sem tónskáld, þótt hann hafi ekki jafn mikinn tíma til að semja og hann myndi sjálfur kjósa. Árið 2007 markar samt tímamót: í fyrsta sinn á ferlinum ætlar hann að skipta tíma sínum hnífjafnt milli stjórnandans og tónskáldsins.

Mögnuð stemning og óvæntir hljómar

Stemningin var mögnuð við upphaf tónleikanna í Avery Fisher Hall í byrjun mánaðarins, þar sem þétt setinn salurinn beið þess með eftirvæntinguna að heyrna hvernig til tókst með nýja verkið. Það var heldur ekki til að draga úr spennunni að einleikarinn hafði ekki fengið nóturnar að verkinu – sem er svinslega erfitt – fyrr en í desemberbyrjun! Það er óhætt að fullyrða að fáir hafi orðið fyrir vonbrigðum. Tónleikagestir í New York eru óvægnari en víðast annars staðar, en sjaldan hef ég séð þá fagna nýrri tónsmíð með jafnmiklum ákafa og hér. Í lok tónleikanna ætlaði bravórhropunum aldrei að linna, og þegar út var komið voru allir sem ég ræddi við á einu máli um að konsertinn ætti eftir að slá í gegn. Áhrifin koma víða að: Messiaen, djass, austurevrópsk og austurlensk þjóðlagatónlist, barokk; Salonen segir sjálfur að ójafn rytminn í upphafsstefinu, sem tónlistarmenn myndu kalla „punkteraðan“, sé tilraun til að líkja eftir frönskum hirðdans frá 17. öld. Litbrigðin eru óteljandi, enda Salonen öllum hnúttum kunnugur þegar kemur að því að skrifa fyrir hljómsveit. Lokablaðsíðurnar eru einhverjar þær æsilegustu sem ég minnst þess að hafa heyrt. Hljómsveitin er á fullu blússi á meðan pianistinn þeytist upp hljómborðið á ógnarhraða. Skyndilega stöðvast allt á mögnuðum loka-hljómi sem ördugt er að lýsa með orðum: hann er ómstríður en samt fallegur, hnausþykkur en líka sérkennilega gegnsær og bjartur.

Konsertinn verður hljóðritaður í Los Angeles á næsta ári, en þangað til geta lesendur svalað forvitni sinni með því að hlusta á tónleikaupptökuna frá New York, sem stendur á heimasíðu hljómsveitarinnar næstu vikuna (www.nyphil.org), „Broadcasts & Recordings“). Tónleikarnir hlaðast niður í heilu lagi, en pianókonsertinn hefst á 33:25. Önnur verk á tónleikunum voru Tombeau de Couperin eftir Ravel og Myndir á sýningu eftir Músorgskí. Þá ætti ykkur, lesendur góðir, ekki að vera neitt að vanbúnaði að kynna ykkur það ferskasta í nýrri tónlist, vonandi með dálítið opnari huga en gagnrýnendurnir sem vitnað var í hér að ofan. Njótið vel!



FRANSKA INNRÁSIN Pierre Huyghe milli íslensku verkanna sem hann ætlar að sýna okkur í nýju ljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Upplýst verk og kvikmyndir

Það er mikið um að vera í Hafnarhúsinu í dag. Vetrarhátíðin hófst þar í gær með gestakomum og glæsidansi spænskra listamanna. Í dag verður mikið um að vera þegar liður á en þar ber hæst opnun á sýningu í tengslum við frönsku listahátíðina sem allt er að leggja undir sig þessi dægrin: franskir myndlistarmaðurinn Pierre Huyghe hefur búið um verk sín í salarkynnum Hafnarhússins og er sýning hans opnuð í dag kl. 18. Strax kl. 21.30 verður leiðsögn um sýninguna.

Pierre er kominn vel á fimmtugsaldurinn og hefur á síðustu árum sótt mikinn heiður víða út fyrir heimaland sitt. Á síðustu misserum hefur Pierre verið stórtækur í stærstu nútímasöfnum stórborganna: hann var með gríðarstóra sýningu á Guggenheim í ársbyrjun 2003 en þá hafði hann nýverið þegið Hugo Boss-verðlaunin: þar sýndi hann Breiðholtskenndar blokkir í líknum umvafðar þoku. Af því tilefni lét hann hafa eftir sér að byggingar af þessu tagi væru skrumskæling á kenningu Le Corbusier um nútímaborgina sem hafði þá sætt mikilli gagnrýni.

Mikill frami

Árinu áður hafði hann verið fulltrúi Frakka á Tviæringnum í Fenyjum og fékk þá sérstaka viðurkenningu þar í bæ. Whitney-safnið

hýsti hann í fyrri og Tate Modern 2006, Sýningin Fagnaðargarðurinn (Celebration Park) er framhald af nýafstöðnum sýningum hans í Tate Modern og Musée d'Art Moderne de la Ville í París en inniheldur einnig ný verk sem aldrei hafa verið sýnd áður. Pierre Huyghe er í fremstu röð franskra listamanna sem komu fram á síðasta áratug og vinnur með fjölbreytta miðla listanna, einkum kvikmyndir og myndbönd, en einnig veggspjöld, bækinga og ljósmyndir. Hann hefur gert fjölda verka þar sem tekist er á við áhrif bandarískra kvikmynda, og sýnir með hvaða hætti er mögulegt að umbreyta þeim ímyndum sem þar er að finna.

Nýir veggir

Í sýningarrýmnum þremur sem hann leggur undir sig í Hafnarhúsinu má sjá einbeitta þörf til að umbreyta hinu setta og kunnuglega rými: nýja veggir hefur hann byggt inn í öll rýmin svo þau taka strax á sig nýjan svip. Hann gengur skrefinu lengra því að í einum salnum verða eldri munir eftir aðra listamenn hluti af innsetningu sem gengur gegnum lithvörf og verkin um leið. Sýningin í Listasafni Reykjavíkur ber yfirskriftina Í BEINNI – VIÐBURÐUR VERÐUR SÝNING og vísar til þess að upplifun gestsins er bein og millilíðalaus, eins og við lifandi tónlistarflutning, upplifun sviðsverka og kyrrðar hefðbundinnar myndlistarsýningar.

Innsetningar

Verkin á sýningunni eru þrjár stórar innsetningar í þremur sölum safnsins. Tæknin og tíminn gera hina annars kyrru myndlistarsýningu að uppsetningu eða

sviðsetningu með þátttöku almennings. Þar að auki eru sýndar þrjár kvikmyndir: NÚ ER EKKI TÍMI TIL AÐ LÁTA SIG DREYMA, frá 2004, sem er unnin fyrir Harvard-háskóla í Bandaríkjunum 2004 í tengslum við byggingu eftir arkitektinn Le Corbusier sem þar er. Huyghe vann kvikmynd úr brúðleikhússýningu sem hann setti á svið í byggingunni. Brúðleikhúsið lýsir, með söng og leik, baráttu Le Corbusier við að fullgera bygginguna og svipaðri upplifun Huyghe af því að vinna verk fyrir skólann. Í þessu verki er tónlistin sett saman úr verkum eftir Edgard Varèse og Iannis Xenakis auk hluta úr sönglaginu Le temps des cerises, með texta eftir Jean Baptiste Clément túlkunum af Charles Trenet.

Kvikmyndir

Hinar myndirnar eru FERÐ SEM EKKI VAR FARIN, frá 2006, en hún er að hluta tekinn í leiðangri á Suðurskautslandinu þar sem listamaðurinn leitaði einstæðrar þjóðsagnakenndrar skepnu. Skepnan er sögð búa á eyju sem komið hefur undan íshellunni við hlýnun jarðar og er áður ókönnuð.

Hluti myndarinnar var síðan tekinn í Central Park í New York þar sem Huyghe sviðsetti endurgerð ferðarinnar. STREAMSIDE HÁTÍÐIN er frá 2003 og er tekinn á hátíð sem listamaðurinn stóð fyrir í nýlegu úthverfi í Bandaríkjunum. Hátíðinni var ætlað að fagna tilurð þessa nýja samfélags og verða árlegur viðburður í lífi íbúanna.

Huyghe skapar viðburð fullan gleði og síðum sem verða munu raunverulegur þáttur í árlegum hátíðahöldum bæjarbúa.

- pbb